

Hvernig lítur ungt fatlað fólk á fullorðinsárin?

Meistara rannsókn í Fötlunarfræðum

Lilja Össurardóttir

Leiðbeinandi: Hanna Björg Sigurjónsdóttir



Rannsóknaraðferð

- ◆ Markmiðið með rannsókninni er að skoða hvaða skilning ungar fatlaðar stúlkur/konur leggja í það að vera fullorðin.
- ◆ Eigindleg rannsókn sem byggir á opnum viðtölum og þátttökuathugunum.
- ◆ Rannsóknin er unnin í tengslum við skipulagt félagsstarf á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendur

- ◆ Lykilþátttakendur eru 4 stúlkur/konur á aldrinum 17-25 ára.
 - ◆ Viðtöl tekin við lykilþátttakendur - hópviðtöl
- ◆ Aðrir þátttakendur eru rúmlega þrjátíu á aldrinum 16-40.
 - ◆ Þátttökuathuganir.
- ◆ Allir stunda félagsstarfið en þó mis mikið.

Félagsstarfið

- ◆ Einstaklingar mæta að eigin ósk og án skuldbindinga.
 - ◆ Eru þó oft háð ferðapjónustu og tímaáætlunum þar.
- ◆ Skemmtun fyrir sig og aðra.
- ◆ Skipuleggja og taka þátt í dagskránni.

Hvenær erum við fullorðin?

- ◆ Huglægt mat
- ◆ Til viðmiðunar samkvæmt fræðunum:
 - ◆ Sjálfstæðir einstaklingar – taka sjálfstæðar ákvarðanir
 - ◆ Stunda reglubundna vinnu – vera fjárhagslega sjálfstæðir
 - ◆ Stofna fjölskyldu – reka eigið heimili
- ◆ Samfélagið virði og viðurkenni einstakling sem fullorðinn

Niðurstöður rannsóknar

- ◆ Umræða um fullorðinshlutverk í upphafi huglæg en varð síðan persónulegri
 - ◆ Hegðun
 - ◆ Athygli
 - ◆ Hvað má fullorðið fólk gera
- ◆ Niðurstöðurnar byggja á viðtölum við þátttakendur og þátttökuathugunum

Hvernig hegðar fullorðin fólk sér?

- ◆ Hvað segja þátttakendur:
 - ◆ “Haga sér almennilega – ekki eins og 5 ára!”
 - ◆ “Aðlaga hegðun að stað og stund”
 - ◆ “Ekki hlaupa um með látum í eltingaleik”
 - ◆ “Vera gott við fólk, ekki nota fólk og ekki leggja í einelti”
 - ◆ “Það á ekki að stjórna öðrum”
 - ◆ Barnaleg hegðun er neikvæð hegðun

Hvernig nær fullorðið fólk athygli hvors annars

- ◆ Hvað segja þátttakendur:
- ◆ Mikilvægt að fá athygli – en hvernig?
- ◆ Vita hvað á ekki að gera.
 - ◆ “Ekki hlægja að fólk til að ná athygli”
 - ◆ “Ekki hlaupa á eftir fólk”
 - ◆ “Ekki kítla fólk”
 - ◆ “Ekki lemja fólk”
- ◆ Vita minna hvað hægt er að gera til að ná athygli.

Hvað má fullorðinn einstaklingur

- ◆ Það mega allir:
 - ◆ Eiga kærasta - stunda kynlíf
 - ◆ Flytja að heiman – “svona 20-22 ára”
 - ◆ “maður er komin upp í kok af foreldrum”
- ◆ Vinna við það sem er áhugavert

Hvað má fullorðinn einstaklingur

- ◆ Það mega allir:
 - ◆ Gifta sig, skilja og giftast aftur
 - ◆ Nema fólk í eiturlyfjum
 - ◆ “Er of upp dópað, þeir vita ekki hvað þeir er að gera”
 - ◆ Eignast börn – þegar þeir eru tilbúnir /hafa nógan þroska
 - ◆ Nema fólk sem drekkur mikið eða er í eiturlyfjum

Samtal um barneignir

- ◆ R - Eins og seinþroska fólk það getur til dæmis ekki eignast börn
 - ◆ Ég - Er það ekki?
 - ◆ R - Nei ég held ekki

- ◆ H - Hvað segir þú hvernig fólk heldur þú að, getur ekki eignast börn?
 - ◆ R - Seinþroska

- ◆ H - Takk! (Þögn í smá stund) ég ég get það örugglega alveg. Vissir þú að ég væri seinþroska
 - ◆ R- Neii (hvísl)

- ◆ H - (hlær) jaahha vissir það ekki einu sinni. Það sést ekkert á þér að það sé seinþroska. (þögn) Ertu að meina þá mikið?

Barneignir

- Hvorugar stúlkurnar telja að þær eignist börn
- H - „Elska börn en ekki ábyrgðina á þeim“.

Fullorðinn einstaklingur

- ◆ Hvenær er maður fullorðinn?
- ◆ Allir svara með tölu – 20-30 ára

Samanburður

Sýn samfélagsins	Sýn þátttakenda
Sjálfstæðir einstaklingar –taka sjálfstæðar ákvarðanir	Haga sér ekki eins og barn, ekki stjórna öðrum, flytja að heiman og fá athygli frá öðrum fullorðnum
Stunda reglubundna vinnu -vera fjárhagslega sjálfstæðir	Allir mega vinna við það sem þeir vilja
Stofna fjölskyldu -reka eigið heimili	Allir mega eiga kærasta, stunda kynlíf, giftast og eignast börn

Sýn með fyrirvörum

- ◆ Sýn þátttakenda endurspeglar sýn samfélagsins á fullorðinshlutverkið – með fyrirvörum þó.
 - ◆ Hafa nægan þroska
 - ◆ Vera tilbúinn til einhvers
- ◆ Leyfir samfélagið þeim að uppfylla fullorðinshlutverkið eins og þær sjá það?